

Fundur í minjaráði Norðurlands eystra, 4. september 2019, Haldinn á Borgum, Akureyri.

Mættir eru: Sædís Gunnarsdóttir formaður, Haraldur Þór Egilsson, Sigurður Guðni Böðvarsson, Anita Elefsen, Guðmundur Ögmundsson, Halldóra Gunnarsdóttir og Ásta Hermannsdóttir

Fundur hófst kl. 10:00

Sædís Gunnarsdóttir bauð fundarmenn velkomna. Á dagskrá var vinna við stefnumótun vegna verndunar og varðveislu menningarminja á Íslandi og tók Ásta við fundastjórn og stýrði fundi, en Sædís skrifaði fundagerð þessa.

1. Stefnumótun.

Ásta fór yfir verkefnið, stöðu þess og næstu skref. Síðan fengu allir fundagestir um 15 mín til að hugsa málið og skrifa punkta á blöð. Svo var farið hringinn og allir fóru yfir sína punkta. Mjög mikil og góð umræða var á fundinum og mætti segja að helstu áhersluatriði hafi verið eftirfarandi:

- a) Það vantar aukið fjármagn til að sinna málaflokknum þannig að stofnanir geti sinnt sínu lögbundna hlutverki.
- b) Mjög aðkallandi að klára skráningu menningararfsins. Skráning muna er vel á veg komin inni í Sarpi, en fornleifar, bátar, menningarlandslag og fleira er forgangsatríði sem þarf að ganga í sem allra fyrst og styðja við sveitarfélög sem ekki hafa bolmagn til að sjá um skráningu hjá sér.
- c) Þarf að skilgreina mun á söfnum og setrum, sem og hlutverk ábyrgðasafna. Huga betur að fræðslu á gömlu handverki og skilgreina sérstaklega hverjir geta gert húsakannanir.
- d) Merkja betur minjastaði og velja ákveðna staði þar sem ferðamönnum er beint á, byggt á m.a. álagsmati staðanna.

2. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12:05